

Reykjavík, 29. ágúst 2014

## Afkoma Reita II ehf. á fyrri árshelmingi 2014

Hagnaður Reita II ehf. á fyrri árshelmingi 2014 nam 63 milljónum króna samanborið við 100 milljónir króna á sama tímabili árið áður. Rekstrarhagnaður félagsins á tímabilinu nam 598 milljónum króna samanborið við 574 milljónir króna árið áður.

Í lok júní 2014 var eigið fé Reita II 1.235 milljónir króna en það var 72 milljónir króna á sama tíma árið áður. Væntingar stjórnar og stjórnenda eru þær að eigið fé félagsins verði aukið umtalsvert samhliða endurfjármögnun og sölu á nýju hlutafé í móðurfélaginu, Reitum fasteignafélagi.

### Lykiltölur:

- Heildareignir námu 22.417 milljónum króna þann 30. júní 2014.
- Eigið fé félagsins nam 1.235 milljónum króna á sama tíma.
- Rekstrartekjur fyrri árshelmings námu 867 milljónum króna samanborið við 832 milljónir króna á sama tímabili árið áður.

Reitir II á og rekur 18 fasteignir á Íslandi og er félagið eitt af 8 dótturfélögum alfarið eigu Reita fasteignafélags. Upplýsingar um afkomu móðurfélagsins, Reita fasteignafélags, má finna á [www.reitir.is](http://www.reitir.is).

Nánari upplýsingar veitir Einar Þorsteinsson fjármálastjóri í síma 575 9000 eða 669 4416 ([einar@reitir.is](mailto:einar@reitir.is)).

Reitir fasteignafélag hf.  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík  
Sími 575 9000

[www.reitir.is](http://www.reitir.is)  
[reitir@reitir.is](mailto:reitir@reitir.is)



Reitir eru stoltir af stuðningi við góðgerðarmál og þátttöku í mótun umhverfisvitundar í atvinnulífinu.